

Mánudaginn 25. maí 1998.

Nr. 197/1998.

Dánarbú Árna Árnasonar
Lilja Karlsdóttir og
Margrét Sigríður Karlsdóttir

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

gegn

Sandgerðisbæ og
Óskari Árnasyni

(enginn)

Kærumál. Vanhæfi. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. apríl 1998, þar sem Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila um að víkja sæti í máli þeirra á hendur varnaraðilum. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu, svo og, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðilar hafa ekki látið kröfur sóknaraðila til sín taka.

Sóknaraðilar reisa kröfu sína um, að héraðsdómaranum verði gert að víkja sæti, á ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Svo sem nánar greinir í hinum kærði úrskurði, styðja sóknaraðilar kröfuna þeim rökum, að lögmenn, sem eru í samstarfi við lögmann þeirra, hafi gætt hagsmuna fyrrum eiginkonu héraðsdómarans varðandi skilnað þeirra og flutt meðal annars dómsmál af því tilefni. Að auki hafi lögmaður sá, sem hafi farið með þetta mál fyrir varnaraðilann Óskar Árnason, komið á fyrri stigum fram sem lögmaður héraðsdómarans í umræddu skilnaðarmáli.

Ekki verður fallist á, að starfstengsl, sem rakin eru í hinum kærða úrskurði, á milli lögmanns sóknaraðila og þeirra lögmanna, sem fyrr er getið, geti gefið réttmætt tilefni til, að sóknaraðilar megi draga

óhlutdrægni héraðsdómarans í efa, enda hefur hvorki lögmaður sóknaraðila komið að skilnaðarmáli héraðsdómarans né tengist það á nokkurn hátt þessu máli. Varnaraðilinn Óskar Árnason lagði fram greinargerð í héraði á dómþingi 15. apríl 1997, þar sem hann samþykkti kröfur sóknaraðila á hendur sér, en upp frá því hefur ekki verið sótt þing af hans hálfu. Þegar af þeirri ástæðu eru afskipti lögmanns þessa varnaraðila af málinu ekki með þeim hætti, að þau geti gefið sóknaraðilum tilefni til að draga óhlutdrægni héraðsdómarans með réttu í efa. Samkvæmt því verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. apríl 1998.

Ár 1998, fimmtudag 30. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu, 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-216/1997: Dánarbú Árna Árnasonar, Lilja Karlsdóttir og Margrét Sigríður Karlsdóttir gegn Sandgerðisbæ og Óskari Árnasyni.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um þá kröfu stefnenda, að dómari viki sæti.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að ákvörðun Sandgerðisbæjar um eignarnám á eignarhluta stefnenda í óskiptu eignarlandi þeirra í jörðinni Landakoti í Sandgerði og öll eftirfarandi málsmeðferð fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og úrskurður nefndarinnar 5. apríl 1995 séu ógild, til vara, að viðurkennt verði, að málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd eignarnámsbóta og úrskurður nefndarinnar 5. apríl 1995 séu ógild. Í báðum tilvikum krefjast stefnendur, að Sandgerðisbær verði dæmdur til að greiða leigugjald fyrir afnot af landi stefnenda frá 1. apríl 1988 til 1. mars 1997, samtals 6.955.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum, sem eru nánar sundurliðaðir í stefnu. Í báðum tilvikum krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi Sandgerðisbæjar.

Á hendur stefnda Óskari Árnasyni eru gerðar þær dómkröfur, að honum verði gert að þola dóm samkvæmt aðalkröfu.

Stefndi Sandgerðisbær krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá

dómi, til vara sýknu og til þrautavara, að fjárkröfur verði lækkaðar verulega.

Stefndi Óskar Árnason gerir ekki sjálfstæðar kröfur í málinu og samþykkir aðalkröfu stefnenda.

I.

Málsatvik eru í stórum dráttum þau, að Sandgerðisbær hóf hafnarframkvæmdir árið 1988 á fjöru Landakotsjarðar í Sandgerðisbæ. Matsnefnd eignarnámsbóta kvað upp úrskurð um eignarnámsbætur 5. apríl 1995. Stefnendur halda því fram, að þeim hafi hvorki fyrr né síðar verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, hvorki er eignarnámið var ákveðið né á meðan málsmeðferð fyrir matsnefnd eignarnámsbóta stóð.

Í þessum þætti málsins gerir lögmaður stefnenda, Stefán Geir Þórisson hdl., þá kröfu, að dómari málsins víki sæti samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Telur hann dómarrann vanhæfan af þeirri ástæðu, að Halldór Birgisson hdl. fari með skilnaðarmál fyrir hönd fyrrverandi eiginkonu dómarrans, en Halldór rekur lögmannsstofu í sambýli við Stefán. Í kröfu segir nánar um þetta atriði: „Hinn 1. febrúar 1998 hóf undirritaður lögmaður sjálfstæða lögmannsstarfsemi að Klapparstíg 29, Reykjavík, með lögmanninum Halldóri Þ. Birgissyni hdl., Helga Birgissyni hrl. og Þorsteini Einarssyni hdl., og höfum við á bréfsefni og umslögum komið fram undir samheitinu Lögmennt Klapparstíg. Rekur hver okkar fyrir sig sjálfstæða lögmannsstarfsemi, en þó er samstarf með okkur, hvað varðar fyrirkomulag skrifstofuhalds og sameiginleg útgjöld. Slíkt samstarf er óhjákvæmilega náð, þar sem lögmennt í slíku samstarfi ráðfæra sig gjarnan hver við annan, og auk gerist það í tilvikum, að við aðstoðum og vinnum verkefni hver fyrir annan. Halldór Þ. Birgisson hdl. hefur aðallega annast ofangreint skilnaðarmál fyrir fyrrum eiginkonu Gunnars, en Helgi Birgisson hrl. hefur unnið að þeim hlutum málsins, sem hafa farið fyrir Hæstarétt. Vegna þess, hvernig ofangreint skilnaðarmál hefur þróast, og með hliðsjón af nánu samstarfi mínu við ofangreinda lögmennt fyrrum eiginkonu Gunnars, sem telja má líklegt með hliðsjón af öllum aðstæðum, að hann geti borið óvildarhug til og þar með til undirritaðs lögmanns vegna hins nána samstarfs, er það mat umbj. minna, að þessar aðstæður séu til þess fallnar, að með réttu megi draga óhlutdrægni í málinu í efa.

Seinni ástæða kröfu umbj. minna felst í því, að fyrrum lögmaður Gunnars í ofangreindu skilnaðarmáli, Jóhannes Karl Sveinsson hdl., fer með málið varnar megin fyrir dánarbú Óskars Árnasonar. Telja verður einnig með vísan til g-liðar 5. gr. eml., að þær aðstæður séu til þess fallnar, að draga megi óhlutdrægni Gunnars við meðferð málsins með réttu í efa.“

II.

Mál þetta var þingfest 4. mars 1997 og úthlutað dómara í maí 1997. Í júlí 1997 beiddist Stefán Geir Þórisson hdl. mats, sem var lagt fram í lok janúar 1998. Aðalmeðferð var ákveðin 2. apríl 1998.

Stefán Geir Þórisson hdl. hefur farið með málið frá fyrstu tíð. Er málið var þingfest, var hann fulltrúi á lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., en hóf sjálfstæðan rekstur 1. febrúar 1998 að Klapparstíg 29, Reykjavík. Fer hann áfram með málið eftir vistaskiptin. Að Klapparstíg 29, Reykjavík, er einnig lögmaðurinn Halldór Birgisson hdl. til húsa. Rekur hvor þeirra sjálfstæða lögmannsstarfsemi, en þó er samstarf með þeim um skrifstofuhald að einhverju leyti. Stuttu fyrir fyrirhugaða aðalmeðferð hafði Stefán Geir símsamband við dómarann og taldi hann vanhæfan til þess að fjalla um málið vegna samstarfs þeirra Halldórs. Var aðalmeðferð því frestað og formleg krafa sett fram í þinghaldi 13. apríl 1998.

Krafa Stefáns Geirs Þórissonar hdl. byggist á því, að dómariinn beri óvildarhug til Halldórs Birgissonar hdl. og þar með einnig til Stefáns, einnig til allra skjólstæðinga Stefáns og einnig til allra annarra lögmannna að Klapparstíg 29, Reykjavík.

Ekki verður talið, að það valdi vanhæfi dómara, hvort honum líkar hugsanlega vel eða illa við lögmann. Enn síður veldur það vanhæfi dómara, þó að lögmaður sé haldinn þeirri ranghugmynd, að dómara sé einhverra hluta vegna í nöp við sig. Fráleitt veldur það vanhæfi dómara, þó að lögmaður sé haldinn þeirri villu, að dómari beri kala til einhvers annars lögmanns vegna lögmannsstarfa hins síðarnefnda í máli, er á engan hátt tengist því máli, sem er til umfjöllunar. Vanhæfissjónarmið af þessu tagi verða umfram allt að stafa af því, að dómari hafi gert á hlut lögmanns og þá einöngu þess lögmanns, er flytur málið, en ekki vegna einhvers annars lögmanns, sem flutt hefur allt annað mál.

Um seinni ástæðuna fyrir kröfunni er rétt að taka fram, að Jóhannes Karl Sveinsson hdl. vann afmarkað lögmannsstarf fyrir dómarann á síðasta ári. Lauk því verki fyrir tæpu ári. Önnur tengsl eru ekki milli dómarans og Jóhannesar Karls. Verður þetta ekki talið valda vanhæfi í þessu máli.

Í máli þessu er deilt um framkvæmd eignarnáms í Sandgerði. Dómariinn er ekki kunnugur aðilum málsins og á engra hagsmuna að gæta. Kröfum stefnenda í þessum þætti málsins er því hrundið. Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari vîkur ekki sæti í máli þessu.